

Náttúrustofa Austurlands

Fuglalíf ofan byggðar í Neskaupstað 1997

Halldór Walter Stefánsson og
Skarphéðinn Guðmundur Þórisson

Mars 1998

Að beiðni Náttúrustofu Austurlands var gerð úttekt á fuglalífi fyrir ofan byggð á Neskaupstað í Norðfirði vegna fyrsta áfanga fyrirhugaðra snjóflóða-mannvirkja sem þar eiga að koma. Könnunin var gerð þann 16. júní og svo aftur 9. júlí.

Inngangur

Þann 16. júní skoðaði Halldór svæðið frá Neslæk inn undir Tröllagil og frá byggð og upp í neðstu klettabelti. Einnig var kíkt í kletta, gil og skorur. Skógræktin var könnuð sérstaklega og einnig sinubreiða sem er ofnan fremstu byggðar. Athugunarsvæðið er um 60,75 ha. að stærð. Að lokum voru fuglar taldir á sniði þvert í gegnum athugunarsvæðið. Veðurskilyrði voru góð til athugunar; suðaustan til austan gola, léttskýjað, lágboka inn fjörðinn en ekki á athugunarsvæðinu, hiti um 7 gráður fyrir hádegi en 10-12 gráður eftir hádegi. Könnunin fór fram milli kl.9⁰⁵ og 13⁵⁰.

Þann 9. júlí vorum við báðir á svæðinu og skoðuðum ofangreint svæði en aðallega þó Skógræktina og svæðið þar fyrir innan um Kúahjalla og niður undir byggð. Að þessu sinni voru skilyrði til könnunar á fuglalífi þökkaleg; hafgola, skýjað, þoka í fjöllum, súld og hitastig um 7 gráður. Vettvangskönnun fór fram kl.10⁰⁰ til kl.13⁰⁰.

Athugunarsvæðið er að mestu gróið land ofan byggðar upp að hjöllum, vaxið lyngi og birki en minna ber á víði. Grösugir skorningar milli lækja og grjót á stangli. Lítið er um grónar sillur í klettum í fjallinu ofan við athugunarsvæðið.

Hér á eftir verður fyrst fjallað um fuglategundir á svæðinu, þá sniðtalingunni gerð skil og síðan dregnar ályktanir af athugunum.

Fuglategundir.

Nákvæmar staðsetningar fugla og varps koma fram á meðfylgjandi uppdrætti og er því ekki sérstaklega vísað til þess í eftirfarandi texta.

Grágæs (*Anser anser*) : Eitt par kom fljúganndi frá Kúahjalla er þeirra varð vart og stefndu þær út og niður fyrir byggð en komu fljótt aftur og flugu inn eftir rétt ofan byggðar. Grágæsir sáust ekki í síðari heimsókninni.

Fálki (*Falco rusticolus*) : Einn fugl líklega kvenfugl með bráð í klónum sást á flugi við klettana milli Drangagils og Neslækjar og sveif hann inn klettasnasirnar og tók nokkra svifhringi áður en hann hvarf við Drangagilið. Ekki varð vart við fálka í seinna skiptið.

Rjúpa (*Lagopus mutus*) : Alls sáust 14 rjúpur (11 karlfuglar og 3 kvenfuglar) á athugunarsvæðinu, þar af voru 9 þeirra í Skógræktinni. Eitt hreiður með eggjum í fannst í Skógræktinni. Seinni daginn sáust aðeins 4-5 rjúpukarrar á svæðinu.

Heiðlóa (*Pluvialis apricaria*) : Lítið bar á tegundinni fyrri athugunardaginn, aðeins sáust tveir stakir fuglar, annar um miðbik svæðisins neðst og hin í útjaðri efst. Síðari athugunardaginn sáust mun fleiri heiðlóur eða alls 6 fuglar og heyrðist í fleirum.

Hrossagaukur (*Gallinago gallinago*) : Alls sáust 20 fuglar fyrri athugunardaginn og þar af voru 14 í Skógræktinni. Fuglar sáust með unga og hreiður fundust.

Silfurmáfur (*Larus argentatus*): Tegundin er nokkuð útbreidd um svæðið ofan við byggðina og virðist sækja mest í grösugt og mosavaxið land næst byggð þar sem þeir tína æti af jörð, en ofar um svæðið sjást þeir bara á flugi. Helstu flugleiðirnar eru ofarlega og um miðbik athugunarsvæðisins. Fyrri daginn voru taldir 124 silfurmáfar í áðurnefndu kjörlandi og 7 á flugleiðunum. Engar athuganir voru gerðar á tegundinni í seinna skiptið.

Svartbakur (*Larus marinus*): Aðeins einn fugl sást á flugi út yfir svæðið rétt ofan byggðar og það sama átti sér stað í síðara skiptið.

Þúfutittlingur (*Anthus pratensis*): Alls sáust 18 þúfutittlingar á svæðinu fyrri athugunardaginn og voru 8 þeirra í Skógræktinni. Hreiður fannst í þar og syngjandi fuglar sáust víða. Síðari athugunardaginn var mikið af þúfutittlingi með uppkomna unga en fuglar voru ekki taldir þá.

Skógarþröstur (*Turdus iliacus*): Tegundin er mjög algeng á svæðinu og voru taldir 83 fuglar fyrri athugunardaginn og þ.a. 34 í Skógræktinni. Skógarþrastahreiður fundust jafnt í Skógræktinni sem annars staðar. Einnig sáust fullorðnir fuglar með dritsekk eða fæðu í nefi og nýfleygir ungar voru víða. Seinni athugunardaginn bar mikið á fullorðnum skógarþröstum sem báru fæðu í unga í öðru til þriðja varpi sumarsins, auk þess fannst einn dauður skógarþrastarungi í Skógræktinni.

Hrafn (*Corvus corax*): Aðeins einn fugl krunkaði í fáein skipti í klettabeltunum innan við Drangagil, engir áberandi setstaðir né ummerki varps sjáanlegt. Ekkert bar á tegundinni síðari athugunardaginn.

Barrfinka (*Carduelis spinus*): Einn fugl sást fyrri athugunardaginn og var það karlfugl sem söng í grenitréstoppum í Skógræktinni. E.t.v. sami fugl sást á öðrum stað í Skógræktinni en var þögull og sást stutt. Á síðari athugunardag sáust 3 barrfinkur í Skógræktinni og voru þær greindar sem ein fullorðinn kvenfugl með tvo fleyga unga, fullorðni karlfuglinn sást hvergi í þetta sinn. Þessi fuglategund telst til flækingsfugla á Íslandi. Varpfugl víða um Evrópu í barr- og birkiskógum. Verpir hátt í barrtrjám. All algengur flækjngur en hefur ekki fundist áður verpandi á Austurlandi. Fyrsta hreiður á landinu fannst í skógræktinni á Tumastöðum í Fljótshlíð árið 1944. Það heppnaðist vel og í framhaldi af því urpu fjögur pör á sama stað árið eftir (Gunnlaugur Þráinsson og Pétursson 1997). Líklegt er að barrfinka verpi áfram í Skógræktinni við Neskaupstað fái hún þar frið á næstu árum.

Fjallafinka (*Fringilla montifringilla*): Tegundin sást bara síðari athugunardaginn og var þar um að ræða eitt par. Sásts annar fuglinn bera fæðu og er það nokkuð öruggt merki þess að hún ætti unga í Skógræktinni. Fjallafinkur eru nær árlegir vetrargestir í Neskaupstað. Aðalheimkynni tegundarinnar er í norður Evrópu og hingað flækjast þær eflaust frá Skandinavíu. Hún verpir í birkiskógum og einnig í barrtrjám. Fjallafinka fannst fyrst verpandi að Tumastöðum í Fljótshlíð árið 1978 og hefur verpt hér á landi annað slagið síðan. Á árunum 1979-1988 voru 19-20 vörp staðfest hér á landi (Aðalsteinn Örn Snæþórsson og Jón Geir Pétursson 1992). Fjallafinkuhreiður fundust í görðum á Neskaupstað 1986 og 1989 og eflaust hefur hún orpið þar oftar.

Ógreindar finkur: Þrír fuglar sáust sem ekki náðist að greina til tegundar í Skógræktinni á síðari degi könnunar.

Tegund	A	B	C	D	E	F	G	H	I
Grágæs			2						2
Fálki			1						1
Rjúpa	9	5	14	x				x	
Heiðlóa		2	2			x			
Hrossagaukur	14	6	20	x	x	x		x	
Silfurmafur		124	131						7
Svarbakur			1						1
Þúfutittlingur	8	10	18	x		x		x	
Skógarþr.	34	49	83	x	x	x	x	x	
Hrafn			1						?
Barrfinka	4		4			x		x	
Fjallafinka	2		2				x		
Samtals	71	196	279	4	2	5	2	5	11-12

1. tafla. Tegundir og einstaklingsfjöldi á athugunarsvæðinu.

Skýringar:

- A= fjöldi fugla í Skógræktinni.
- B= fjöldi fugla annars staðar á athugunarsvæðinu.
- C= heildarfjöldi fugla.
- D= tegundir með hreiður.
- E= tegundir með unga.
- F= syngjandi fuglar.
- G= fuglar með æti.
- H= varpfuglar svæðisins.
- I= fuglar séðir á flugi.

Sniðtaling.

Farvegur Kvíabólslækjar var hafður sem miðlína sniðtalingar og var sniðið látið ná 50 m inn fyrir og það sama út fyrir. Að endilöngu lá sniðið næstum frá byggð að neðan upp að neðstu hjöllum í fjallinu. Stærð sniðsins voru 3 ha. Eftirfarandi fuglategundir komu fram í sniðtalingunni og setja þær jafnframt mestan svip á svæðið. Það eru: rjúpa, heiðlóa, hrossagaukur, þúfutittlingur og skógarþröstur.

Tegund	Fjöldi á sniði	Líklegur fjöldi varppara
Rjúpa	3	2
Heiðlóa	1	1
Hrossagaukur	3	1
Þúfutittlingur	4	3
Skógarþröstur	21	7

2. tafla. Niðurstöður sniðtalingar.

Niðurstöður.

Mesta og þéttasta fuglalífið er í Skógræktinni og nánasta umhverfi hennar en það verður gisnara nær útjöðrum svæðisins. Sárálítið er um fugla í klettum.

Eðlilegar breytingar á fuglalífi urðu á milli fyrri og síðari heimsókna á svæðið og er helstu breytinga getið í texta í tegundaumfjölluninni.

Fuglategundir sem sáust á svæðinu voru; grágæs, fálki, rjúpa, heiðlóa, hrossagaukur, silfurmafur, svartbakur, þúfutittlingur, skógarþröstur, hrafn, barrfinka og fjallafinka, alls 12 fuglategundir. Búast hefði mátt við að fleiri fuglategundir væru á svæðinu, t.d. sáust engir steindeplar, snjótittlingar, músarrindlar, spóar né fýlar. Aðeins tvær máfategundir sáust og engar endur. Líklegt er að músarrindill og e.t.v. einhverjar andategundir séu á meðal varpfugla þó þær sæjust ekki.

Þúfutittlingur, skógarþröstur, hrossagaukur og rjúpa virtust vera mun algengari en aðrar tegundir sem sáust. Þéttleiki rjúpu og hrossagauks var helmingi meiri í Skógræktinni en annars staðar og hjá þúfutittlingi var dreifingin svipuð og hjá skógarþresti.

Ályktun.

Skógræktin er án nokkurs vafa sá hluti svæðisins sem hefur hvað mesta aðdráttaraflíð fyrir flestar þær fuglategundir sem sáust í könnuninni og hefur hún mikilvægu hlutverki að gegna sem fæðu og varpsvæði fuglana. Auk Skógræktarinnar eru þrír aðrir trjáreitir á svæðinu sem eru ekki síður mikilvæg kjörlendi fugla. Tveir þeirra eru staðsettir neðarlega innan við Kvíabólslæk og sá þriðji neðan við Skógræktina.

Snjóflóðamannvirkin munu hafa mikil áhrif á allt fuglalíf á svæðinu. Jarðrask og mikil umferð stórvirkra vinnuvéla mun rústa fuglalífi meðan á framkvæmdum stendur. Verst yrðu áhrifin á lífríkið í efri hluta Skógræktar. Lagt er því til að Skógræktinni verði hlíft við röskun sem kostur er. Einnig að hugað verði að uppgræðslu þessara mannvirkja sem seinna meir gæti þá veitt ýmsum fuglategundum aftur skjól og mun þá fuglalíf næst varnarkjörjum taka við sér og þróast í samræmi við nýjar aðstæður.

Heimildir

Gunnlaugur Þráinsson og Gunnlaugur Pétursson 1997. Sjaldgæfir fuglar á Íslandi 1995. *Bliki* nr. 18 – júní 1997: 23-50.

Aðalsteinn Örn Snæþórsson og Jón Geir Pétursson 1992. Fuglar og Skógrækt. Skógræktarritið 1992: 99-108.

3. tafla. Fuglategundir og hreiður sem fundust á rannsóknarsvæðinu ofan byggðar í Neskaupstað. Númerin vísa í staðsetningu á kortinu.

Nr.	Fuglategund/hreiðurtegund	Fjöldi	Ýmsar athuganir
1	Hrossagaukur	1	
2	Skógarþröstur	1	Með dritsekk, flaug inn eftir
3	Rjúpa	1	Karlfugl
4	Skógarþröstur	6	
5	Skógarþröstur	6	
6	Skógarþrastarhreiður	1	Með 5 eggjum í
7	Hrossagaukur	2	Hneggjandi á flugi
8	Þúfutittlingur	3	
	Skógarþröstur	13	Syngjandi
9	Hrossagaukur	1	Settist
10	Rjúpa	1	Karlfugl
11	Heiðlóa	1	Þögul
12	Rjúpa	1	Karlfugl
13	Hrossagaukur	1	Hneggjandi á flugi
	Skógarþröstur	1	Með æti
14	Fálki	1	Á flugi með æti, sveif inn eftir
15	Silfurmáfur	2	Á flugi inn eftir
16	Þúfutittlingur	1	Syngjandi.
17	Þúfutittlingur	1	Syngjandi
18	Hrafn	1	Krunkandi, sást ekki
19	Silfurmáfur	4	Á flugi út eftir
20	Skógarþröstur	9	Syngjand
21	Þúfutittlingur	2	
22	Skógarþröstur	1	Syngjandi
23	Skógarþröstur	1	
24	Þúfutittlingur	1	Leifar af dauðum fugli, hefur verið drepinn
25	Hrossagaukur	1	Flaug upp
26	Skógarþröstur	7	Syngjandi
27	Þúfutittlingur	1	Syngjandi
28	Þúfutittlingur	1	
29	Skógarþröstur	2	Syngjandi
30	Skógarþröstur	1	Kom fljúgandi að utan
31	Rjúpa	1	Karlfugl
32	Rjúpa	1	Kvenfugl
33	Heiðlóa	1	Pípandi
34	Svartbakur	1	Fullorðinn, flaug út eftir
	Silfurmáfur	1	Flaug út eftir
35	Silfurmáfur	124	Á sinubreiðu, innan við athugunarsvæðið
36	Skógarþröstur	1	
37	Skógarþrastarhreiður	1	Með 5 eggjum
38	Hrossagaukur	1	
39	Hrossagaukur	1	Með unga
40	Skógarþröstur	1	Með æti
41	Skógarþröstur	1	Nýfleygur ungi

42	Rjúpa	2	Par
43	Rjúpa	1	Karlfugl.
44	Hrossagaukur	2	Hneggjandi
45	Skógarþröstur	5	Nýfleygir ungar
46	Skógarþröstur	1	Með æti
47	Þúfutittlingshreiður	1	Með 6 eggjum í
48	Hrossagaukur	1	
49	Hrossagaukur	1	Æstur
50	Skógarþröstur	1	Nýfleygur ungi
51	Þúfutittlingur	2	
52	Skógarþröstur	1	Syngjandi
53	Skógarþröstur	1	Með æti
54	Hrossagaukur	1	
55	Hrossagaukur	1	
56	Rjúpa	1	Karlfugl
57	Þúfutittlingur	2	
58	Barrfinka	1	Syngjandi karlfugl
59	Skógarþröstur	4	Æstir
60	Hrossagaukur	1	Með hreiður
61	Skógarþröstur	2	
62	Rjúpa	1	Með hreiður með 10 eggjum í
63	Rjúpa	2	Karlfuglar
64	Skógarþröstur	1	Nýfleygur ungi
65	Hrossagaukur	1	Hneggjandi
66	Skógarþröstur	1	Syngjandi
67	Skógarþröstur	1	Nýfleygur ungi
68	Skógarþröstur	1	Syngjandi
69	Hrossagaukur	1	Hneggjandi
70	Rjúpa	1	Karlfugl
71	Hrossagaukur	1	
72	Hrossagaukur	1	Hneggjandi
73	Skógarþröstur	1	Nýfleygur ungi
74	Skógarþrastarhreiður	1	Með 5 eggjum
75	Barrfinka	1	Þögul, sást stutt, kyn ekki vitað
77	Skógarþröstur	3	
76	Hrossagaukur	1	Hneggjandi
78	Skógarþröstur	1	Nýfleygur ungi
79	Skógarþrastarhreiður	1	Með 6 eggjum
80	Þúfutittlingur	2	Syngjandi á flugi
81	Skógarþröstur	1	Syngjandi
82	Rjúpa	1	Karlfugl
83	Skógarþröstur	2	Æstir
84	Skógarþröstur	1	Með æti
85	Þúfutittlingur	1	
